Fimleikarnir gengu í bylgjum sem oft risu hátt

Saga fimleikanna í ÍR er eins og bylgja sem hefur sig hátt en fellur svo niður aftur og hefur sig svo upp á ný. Reis fimleikaaldan hátt á fyrsta aldarfjórðungi í sögu félagsins, sem var mikill uppgangstími fyrir íþróttina, enda var ÍR einkum stofnað um þá íþrótt. Fyrstu tuttugu árin settu fimleikarnir, með sínum sýningum innan lands og utan og keppnum, mestan svip á félagslífið og þá var mikil gróska í félaginu og fjör. En öldutopparnir lækkuðu upp frá því og voru rislágir á árunum eftir seinna stríðið. Um 1960 var starfsemin orðin lítil, takmarkaðist við drengjaflokk sem leið svo undir lok. Gerð var tilraun til að endurreisa íþróttina eftir 1970 og aðsóknin var ætíð góð, en þar kom að félagið var ekki samkeppnisfært hvað aðstöðu varðar og var starfsemi fimleikadeildarinnar lögð niður 1983. Fram að þeim tíma má segja að saga fimleikanna í ÍR hafi að stórum hluta verið saga fimleikaíþróttarinnar í landinu.

Fyrir og eftir aldamótin síðustu voru gerðar margar tilraunir til að stofna félag til fimleikaiðkunar hér á landi, en öll lognuðust þau út af eftir lítinn tíma. Einnig komu hingað útlendingar, sem héldu uppi fimleikakennslu vetrarlangt eða tvö ár í senn, en allt dó þetta út aftur er þeir hurfu af landi brott.

Svo var það árið 1907 að Andreas J. Bertelsen, ungur norskur áhugamaður um íþróttir, setti auglýsingu í blöð bæjarins um að hann hygðist stofna leikfimis- og íþróttafélag fyrir unga menn og skoraði á alla röska pilta að mæta á stofnfund þess sem halda átti hinn 11. mars.

Þetta var upphafið að stofnun Íþróttafélags Reykjavíkur. Það má því segja að ÍR sé fyrsta félagið sem stofnað var með fimleikaiðkun sem aðalgrein. Reyndar er orðnotkunin ef til vill villandi í nútímaskilningi þar sem miklu fremur var um leik-

fimi, eða millistig milli balletts og leikfimi, að ræða en fimleika eins og við þekkjum þá nú. Aðallega var um að ræða staðæfingar en einnig æfingar

Fimleikaflokkur ÍR á æfingu í Miðbæjarskólaportinu 1910. Á myndinni má þekkja eftirtalda menn: Jón Halldórsson, Hallgrím Benediktsson, Guðmund Þórðarson, Helga Jónasson, Árna Sighvatsson, Kjartan Ólafsson, Jón Þorsteinsson, Carl Rydén, Sighvat Jónsson, Geir Thorsteinsson, Lúðvík Einarsson, Kristin Pétursson, Benedikt Waage og stjórnandann Andreas J. Bertelsen.

á jafnvægisbita, hestum og kistum. Andreas J. Bertelsen stofnandi félagsins var og kennari þess fyrstu árin. Þegar hann fluttist úr bænum tók Jón Halldórsson við og síðar Björn Jakobsson, er var kennari félagsins um tuttugu ára skeið frá 1911 til 1931. Bertelsen hélt fyrstu fimleikasýninguna í Barnaskólagarðinum hinn 5. júní 1910 við geysimikla hrifningu um 900 áhorfenda. Í blöðum bæjarins, er út komu nokkrum dögum síðar, var farið mjög lofsamlegum orðum um sýninguna og forráðamenn félagsins hvattir til að halda áfram á þessari braut.

Björn Jónsson ritstjóri, þáverandi ráðherra, lýsti þessari fyrstu leikfimisýningu ÍR á þessa leið í Ísafold: „Það var yndi að horfa á leikfimissveitina. Ég segi það eins og er, að ég var meira en lítið hreykinn af að vita þá vera landa mína, hina rösku, fimu og þróttmiklu ungu menn, sem léku list sína frammi fyrir almenningi, svo fjörlega og skipulega, sem þeir gerðu það. Menn, sem höfðu varið tómstundum sínum eftir vinnutíma til þess, að iðka jafnfagra list og þrautmikla og þá, sem leikfimin er, hin fornfræga gríska list, sem aflaði ungum mönnum þá eigi minni frægð með sinni þjóð, en nú hljóta menn fyrir bókvit og bóklestur. Þetta voru flestir iðnsveinar eða búðarmenn, sem almenningsálitið velur sæti á neðri rimlum mannfélags metorðastigans. Hamingjan gefi, að landið ætti einum bókabésanum færra en fleira af slíkum mönnum.“

Það kom í hlut Jóns Halldórssonar að færa ÍR heim fyrsta sigurinn í fimleikakeppni. Það var árið 1911 í leikmóti UMFÍ. Það var félaginu hins vegar mikil lyftistöng er Björn Jakobsson réðst til þess sama ár. Á 20 ára samfelldum starfstíma hjá ÍR átti hann eftir að stjórna sýningum félagsins er farið var í sýningarferðir um landið og eins í utanferðum þess. Færði hann með því út hróður ÍR á margan hátt. Um Björn var ritað að hann hefði verið vandlátur með val og samsetningu á æfingum sínum en það sem sérstaklega hefði einkennt allt starf hans var frumleiki. Jafnframt því að leggja til grundvallar allt það besta er hann hafði heyrt, lesið eða séð bætti hann inn í sinni eigin frumsmíð svo að úr varð kerfi sem allt var hnitmiðað. Björn Jakobsson var kosinn heiðursfélagi ÍR. Lést hann á 75 ára afmælisdegi sínum er hann var í Reykjavík í boði

félagsins. Fór útför hans fram á vegum ÍR og var hin virðulegasta.

Á fyrstu árum félagsins glæddist mjög áhuginn fyrir fimleikaiðkun, svo brátt varð að skipta félaginu í flokka og deildir, og var þá jafnframt bætt við kennurum. Voru þá stundum þrír kennarar hjá félaginu í einu. Árið 1916 tók Steindór Björnsson frá Gröf að sér að kenna yngri fimleikaflokkum félagsins, er stofnaðir voru þá um haustið, bæði drengja- og telpnaflokkum. Undir stjórn hans fjölgaði yngri félögunum svo mjög að skipta varð þeim í marga æfingahópa.

Fjör færðist í félagslífið með nýjum flokkum

Við þessar aðgerðir stjórnarinnar færðist nýtt fjör í félagslífið og má því segja að stigið hafi verið stórt skref í framfaraátt er yngri flokkarnir voru stofnaðir. Þetta sama haust, 1916, tók einnig til starfa hjá félaginu kvennaflokkur undir stjórn Þórunnar Thorsteinsson. Var hann fyrir kvenfólk 17 ára og eldra. Varð hann brátt fjölmennur og áhuginn mikill. Árið 1919 tók Björn Jakobsson við kvennaflokknum og stjórnaði honum til ársins 1931 er hann hætti störfum hjá félaginu.

Fyrstu tuttugu til tuttugu og fimm árin í sögu félagsins var mikill uppgangstími fyrir fimleika. Þá gerðist margt sögulegt sem vert er að halda á lofti. Árið 1911 er íþróttavöllurinn á Melunum vígður með sýningu þrettán manna úr karlaflokki ÍR. Það þótti mikill viðburður þá. Síðan fóru fram sýningar árlega í Reykjavík og nágrenni, fyrir austan fjall og víðar. Sum árin voru margar sýningar haldnar bæði í eldri og yngri flokkum félagsins, svo og fimleikamót og fimleikakeppnir bæði flokka og einstaklinga.

Líður svo fram til ársins 1921. Þá heimsækir Kristján konungur Ísland. Við það tækifæri var efnt til íþróttasýninga á Íþróttavellinum. Sýndu flokkar karla og kvenna úr ÍR fimleika undir stjórn Björns Jakobssonar við mikinn fögnuð áhorfenda. Sama sumar tók ÍR á móti úrvalsflokki karla frá Kristiania Turnforening í Noregi. Það var fyrsta heimsókn útlendra fimleikamanna til Íslands. Í hópnum voru fjórir sem kepptu árið áður á Ólympíuleikunum í Antwerpen í Belgíu. Sýndi flokkur þessi fimleika bæði í Reykjavík og úti á landi við mjög mikla hrifningu áhorfenda. Hlaut félagið mikið lof fyrir móttökurnar og alla fyrirgreiðslu.

Eftir þessa fimleikaheimsókn hljóp mikill fjörkippur í fimleikaæfingarnar. Áhugi vaknaði og fyrir því að fara í sýningarferð til Norðurlandsins eða jafnvel kringum landið. Og ekki var látið sitja við orðin tóm heldur byrjað að æfa af kappi undir Vestur- og Norðurlandsför.

Horfðu á íþróttakappa ÍR ofan úr möstrum síldarbáta og af húsþökum

Sumarið 1923 hélt stæltur flokkur fimleikamanna úr ÍR með Lýru vestur

um land til Akureyrar og sýndi listir sínar á viðkomustöðum skipsins. Fyrsta sýningin var haldin í samkomuhúsinu á Ísafirði fyrir nærri fullu húsi og viðtökurnar voru góðar. Eftir fárra tíma viðdvöl var haldið til Siglufjarðar þar sem sýnt var á afgirtum „leikvangi“ á síldarplani. Leikvangi sem var tilvalinn fyrir fólk sem ekki mátti missa mikinn tíma frá vinnu enda lágu skipin við bryggjurnar, fleytifull af silfurgljáandi síldinni. Sýningin var vel sótt og ungviði bæjarins klifraði upp í möstur bátanna og um allar trönur og þakbrúnir til þess að horfa á íþróttakappana frá ÍR.

Áfram var siglt með Lýru til Akureyrar og tvær sýningar voru haldnar þar, hver eftir aðra fyrir fullu húsi. Áhugi og skilningur á íþróttinni var mikill og viðtökurnar voru góðar því húsið dundi við af lófataki. Hve stæltir og þrautseigir þessir ÍR-piltar voru má sjá á því að eftir sýningarferðina fór allur flokkurinn gangandi yfir landið frá Akureyri til Reykjavíkur. Var það hin fræknasta för.

Eftir komu sína til Íslands sumarið 1921 gaf Kristiania Turnforening ÍSÍ bikar til keppni í fimleikum. Skyldi keppt um hann í flokkakeppni 8–12 manna á Allsherjarmóti ÍSÍ ár hvert. Var þetta farandbikar og fyrsti bikarinn sem gefinn var til keppni í þessari íþróttagrein hér á landi. Byði hins vegar aðeins eitt félag sig fram til að keppa skyldi bikarinn ekki veittur. Á Allsherjarmóti ÍSÍ 1922 gaf sig fram aðeins einn flokkur til þessarar keppni um bikarinn, frá ÍR. Því var ekkert keppt um bikarinn og sumarið 1923 fór alveg á sömu leið. Flokkur ÍR sýndi þó fimleika á mótinu, eins og hann hafði gert á fyrri mótum.

ÍR vann fyrstu flokkakeppnina glæsilega

Á Allsherjarmótinu 1924 var í fyrsta sinn keppt um þennan norska farandbikar. Fór keppni fram á íþróttavellinum. Tvö félög, Ármann og ÍR, tilkynntu þátttöku og fóru leikar svo að ÍR-flokkurinn vann glæsilega. Fékk 232 stig en Ármann hlaut 147 stig. Í keppnisliði ÍR, sem Björn Jakobsson stjórnaði, voru Benedikt G. Waage, síðar forseti ÍSÍ, Sveinbjörn Ingimundarson, Sigursteinn Magnússon, Ósvaldur Knudsen (síðar frægur kvikmyndagerðarmaður), Sigurliði Kristjánsson (Silli og Valdi), Ásbjörn Jónsson, Magnús Þorgeirsson (kenndur síðar við Pfaff) og Geir S. Haukdal.

Sumarið 1925 féll Allsherjarmót ÍSÍ niður og var ekki keppt um bikarinn það ár.

Á Allsherjarmótinu 1926 fórst fimleikakeppnin enn fyrir og var orsökin sú hin sama og fyrr, aðeins einn flokkur, frá ÍR, var tilbúinn til keppni. Þetta ár var reglugerðinni breytt þannig að ef aðeins eitt félag gæfi sig fram mætti keppa um norska bikarinn, en flokkurinn yrði að fá minnst 250 stig.

Önnur keppni fór fram 1927, einnig milli Ármanns og ÍR. Fór hún fram á íþróttavellinum hinn 1. maí. ÍR fór með sigur af hólmi með 333,3 stigum en Ármann hlaut 305 stig. Þriðja keppnin fór fram 6. maí 1928 á íþróttavellinum milli Ármanns og ÍR. Voru átta menn frá ÍR en tíu frá Ármanni. Fóru leikar svo að ÍR vann í þriðja sinn, fékk 350 stig, en Ármann hlaut 306 stig. Fjórða keppnin um bikarinn fór fram 9. maí 1929. Tvö félög kepptu, Ármann og ÍR, átta menn frá hvoru félagi. Nú var það Ármann sem vann og fékk 454,4 stig, en ÍR hlaut 449 stig. Fimmta keppnin fór fram 16. apríl 1930. Þá keppir bara eitt félag: Ármann, og sendir tvo átta manna flokka. Þegar hér var komið sögu var farið að dofna yfir Allsherjarmótum ÍSÍ og hurfu þau úr sögunni nokkru síðar.

Sumarið 1925 lögðu fimleikamenn ÍR aftur land undir fót og að þessu sinni fóru úrvalsflokkar félagsins í sýningarferð umhverfis landið. Í kvennaflokknum voru Anna Guðmundsdóttir, Gyða Sigurðardóttir, Hólmfríður Jónsdóttir, Jónína Jafetsdóttir, Jórunn Norðmann, Laufey Einarsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Sigríður Þorsteinsdóttir og í karlaflokki Magnús Þorgeirsson, Ósvaldur Knudsen, Sigurliði Kristjánsson, Sigursteinn Magnússon, Sveinbjörn Ingimundarson og Tryggvi Magnússon.

Úrtölumenn sögðu útrás fimleikaflokks ÍR 1927 vera óðs manns æði

Austfirðingar höfðu boðið ÍR að sýna fimleika hjá sér þetta sumar og ætluðu að greiða uppihald flokkanna þar. Var því gripið tækifærið og farið í sýningarferð kringum landið. Lagt var af stað með Botníu frá Reykjavík, föstudaginn 3. júlí, og haldið vestur um land til Akureyrar. Sýnt var á öllum viðkomustöðum skipsins, Ísafirði, Siglufirði og Akureyri. Frá Akureyri var farið landveg til Húsavíkur með viðkomu í Vaglaskógi og Narfastöðum þar sem Björn Jakobsson fæddist. Á Húsavík var sýnt á palli undir berum himni og tókst ágætlega. Þaðan var svo siglt með Esju til Seyðisfjarðar. Þar skildi leiðir flokkanna. Kvennaflokkurinn hélt áfram með Esju til Reykjavíkur, en karlaflokkurinn varð eftir og sýndi víða á Austfjörðum og á Héraði og hlaut alls staðar góðar viðtökur. Þegar sýningum var lokið austanlands fór allur flokkurinn landveg um Skaftafellssýslur til Reykjavíkur.

Eftir þessa ferð er hafist handa um stærsta átakið í fimleikamálum ÍR. Stjórn félagsins og kennari vildu ekki kyrrstöðu. Nú varð að ráðast í eitthvað meira, skapa virðingu fyrir íslensku íþróttalífi utanlands. Það er byrjað að æfa undir utanferð. Björn Jakobsson æfir úrvalsflokkana af miklum áhuga og dugnaði, en stjórnin stendur í bréfaskriftum við stjórnanda „Oslo Turnforening“ sem hafði hvatt stjórn ÍR til að senda flokka utan eftir að hafa horft á þá hér heima, þegar hann kom með fimleikaflokk sinn hingað til lands 1921. Endirinn varð sá að ákveðið var að senda úrvalsflokka kvenna og karla í fimleikasýningarferð til Noregs og

Svíþjóðar sumarið 1927; sýna á hvaða stigi þessi íþróttagrein væri hér úti á Íslandi og fá dóm útlendra fagmanna. Margir voru þeir 1927 sem álitu að það ferðalag væri óðs manns æði, flan út í loftið. Íslendingar væru lítils megnugir og hefðu því minna til þess að halda sýningar á í stórborgum Norðurlanda. Eimdi enn nokkuð eftir af hugsunarhætti sem rekja má til niðurlægingartímabils Íslendinga á miðöldunum. Úrtölumenn áttu ÍR-flokkarnir eftir að kveða rækilega í kútinn.

Sýning íslensku dísanna „guðum boðleg“

Og einn góðviðrisdag að vori, 5. maí, þegar lóan var komin að kveða burt snjóinn og sólin hellti geislum sínum yfir sundin og Esjuna héldu 13 stúlkur og níu karlmenn af stað

Noregsfarar úr fimleikaflokki ÍR-kvenna 1927.

með Lýru úr Reykjavíkurhöfn og stefndu til Noregs. Til fararinnar völdust: Vilborg Jónsdóttir, Anna Guðmundsdóttir, Guðbjört Ólafsdóttir, Gyða Sigurðardóttir, Halldóra Guðmundsdóttir, Hanna Gísladóttir, Hólmfríður Jónsdóttir, Jónína Jafetsdóttir, Jórunn Norðmann, Laufey Einarsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Sigríður Þorsteinsdóttir, Vilborg Ámundadóttir, Gísli Ólafsson, Jón Jóhannesson, Magnús Þorgeirsson, Sigurliði Kristjánsson, Sveinbjörn Ingimundarson, Tryggvi Magnússon og Geir Haukdal. Meðferðis var íslenskur fáni sem bæjarstjórn Reykjavíkur hafði gefið ÍR og var gengið undir honum inn á alla sýningarstaði flokksins í ferðinni.

Framundan var fimm daga sigling og síðan sýningar og veislur – veislur og sýningar. Fyrsti viðkomustaður var Bergen. Daginn fyrir komuna þangað barst hópnum skeyti um talstöð Lyru þess efnis að hann ætti að sýna við komuna þangað, en aðeins hafði verið ráðgert að hann sýndi þar í lok ferðar. Var það samþykkt með hálfum hug þar sem óvíst yrði hvort fimleikamennirnir yrðu nógu stöðugir á fótum, nýkomnir af skipsfjöl. Sýnt var fyrir fullu húsi í Turnhallen 10. maí að kvöldi. Dömurnar hófu sýninguna. Dauðakyrrð ríkti í salnum, yndisþokki, góð samtök og mýkt í staðæfingunum, vissa og dugnaður á þverslá og við áhöldin. Þegar þær höfðu lokið við sýninguna ætlaði allt um koll að keyra af hrifningu hjá áhorfendum. Karlmennirnir komu því næst fram á gólfið. Geysihraði, kraftur, samtök og ákveðni vakti aðdáun áhorfendanna, sem létu stöðugt hrifningu sína í ljós. Formaður Bergens Turnforening þakkaði kennaranum og flokknum fyrir með nokkrum vel völdum orðum og áhorfendur hrópuðu því næst nífalt húrra.

Daginn eftir fluttu öll blöð í Bergen langar greinar um sýninguna og hældu framkomu flokkanna á hvert reipi. Sagan endurtók sig á öðrum viðkomustöðum ÍR-inganna í Noregs- og Svíþjóðarferðinni en listir sínar sýndu þeir einnig í Haugasundi, Drammen, Ósló, Gautaborg, Fredrikstad og loks í Þórshöfn í Færeyjum á heimleiðinni. Hvarvetna var flokknum frábærlega tekið. Stundum ætlaði fagnaðarlátum aldrei að linna í lok sýningar og blöðin hældu honum á hvert reipi. Í Óslóarblaðinu Dagbladet sagði um sýningu kvennaflokksins: „Að minnsta kosti vorum við öll hjartanlega samdóma vestlendingunum í því að það sem þessar 13 dísir í himinbláu silkibúningunum sýndu okkur hafi blátt áfram verið guðum boðlegt. Aldrei hefir nokkrum leikfimisflokki verið tekið hér í Ósló með slíkri dæmalausri hrifningu …“ Þetta var sigurför fyrir félagið, fimleikafólkið og kennarann. Komu margir að máli við Björn Jakobsson og báðu um uppskriftir að því er flokkarnir höfðu sýnt, sem teljast verður mikil viðurkenning á fimleikakerfi hans.

ÍR-stúlkurnar legðu gjörvallan heiminn að fótum sér

Sama sagan endurtók sig á mikilli sjö daga íþróttahátíð, Lingvikunni, í Gautaborg í Svíþjóð. Svo hrifnir urðu Svíar af hinum íslensku ÍR-stúlkum að eitt blaðið sagði m.a.: „Og svo byrjaði algerlega sérstæð, dásamlega fögur sýning, sem mundi leggja gjörvallan heiminn fyrir fætur þessara íslensku stúlkna, ef þær breyttu þessari fyrstu utanlandsför sinni í heimssýningarför.“

Eftir 24 daga frægðarför til norrænu frændþjóðanna er svo aftur siglt inn í Reykjavíkurhöfn í maílok. Stælt og broshýrt fimleikafólk félagsins, með hugann fullan af minningum, er seint myndu fyrnast, stóð í lyftingu Lyru er hún lagðist við festar. Hróður ÍR og Íslands hafði borist víða um heim.

Með næstu ferðum Lyru á eftir bar mikið á því að bréfapóstur var fyrirferðarmeiri en nokkru sinni áður. Munu ÍR-ingar hafa átt mesta sök á því. Þeir höfðu eignast nýja kunningja, vini og kærustur handan Atlantsála. Hvert framhaldið varð á bréfaskriftum þessum liggur ekki neitt fyrir um.

ÍR tók hátíðina í Calais fram yfir Ólympíuleikana í Antwerpen

Ekki er ein báran stök, segir máltækið, og það átti við um fimleikaflokka ÍR á þriðja áratugnum. Áttu þeir eftir að vinna frekari landvinninga í annarri sigurför til útlanda. Næsta ár er aftur ýtt úr vör og siglt til Frakklands sumarið 1928. Stórkostleg hátíðahöld fóru fram í Calais þetta sumar vegna þess að 50 ár voru þá liðin frá því að Frakkar hófu að iðka fimleika. Félagið hafði í raun meiri áhuga á þátttöku í því en

Ólympíuleikunum í Antwerpen í Belgíu þetta sumar. Stjórn Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) lagði mikið kapp á að senda þátttakendur á Ólympíuleikana og batt vonir við fimleikaflokka ÍR eftir að Alþjóðaólympíunefndin hafði hafnað beiðni um að fá að senda þangað glímumenn. Fallið var frá þeim áformum vegna dræmra undirtekta Alþingis við styrkbeiðni sambandsins. Samþykkti þingið reyndar sérstaka tillögu í apríl 1928 um 3.000 króna styrkveitingu til að senda fimleikaflokk ÍR á Ólympíuleikana. Sú hjálp kom of seint að mati ÍSÍ sem hafði skömmu áður tilkynnt framkvæmdanefnd leikanna að ekkert yrði úr þátttöku Íslands vegna fjárskorts. Var sú ákvörðun ekki endurskoðuð í ljósi samþykktar Alþingis.

Fimleikaflokkur ÍR í London í júní 1928.

Það varð því ekkert úr að ÍR-flokkurinn tæki þátt í Ólympíuleikunum. Í ljósi árangurs hans í Frakklandi og Englandi þetta sumar og umsagna sérfróðra manna þar um getu flokksins og fegurð æfinga leitar óneitanlega sú hugsun á hugann að hann hefði riðið feitum hesti frá leikunum í Antwerpen. Þó ber að hafa í huga að stjórn ÍR tók Frakklandsför fram yfir ólympíuför. Fyrst og fremst á þeirri forsendu að á Ólympíuleikunum væru fimleikar eitt atriði af mörgum en í Calais væru eingöngu fimleikasýningar. Því væri meira að læra fyrir flokkana og til meiri frægðar að vinna á mótinu í Calais, eins og sagði í bréfi stjórnar ÍSÍ til Alþingis.

Til Calais sendi ÍR flokk úrvalskvenna undir stjórn Björns Jakobssonar. Siglt var með gamla Gullfossi 15. maí, komið við á Austfjörðum og sýnt á Eskifirði, Norðfirði og Seyðisfirði áður en lagt var á hafið til Aberdeen. Þaðan var ferðast landleiðina suður Bretland og með Ermarsundsferju til Calais. Í Aberdeen sýndi flokkurinn í Palais de Dance og hlaut lof blaða fyrir skemmtanina.

Til Frakklands komu ÍR-stúlkurnar 25. maí 1928. Á einum degi jókst íbúatala Calais um 50 þúsund manns, eða nær tvöfaldaðist, sem sýnir hve geysifjölmenn fimleikahátíðin var. Opnunardag hátíðarinnar gengu 400 félög víðs vegar að af Frakklandi og 30 frá öðrum löndum fylktu liði um götur borgarinnar undir hljóðfæraslætti. Hátíðaholdin stóðu yfir í þrjá daga og yfir 100 flokkar sýndu daglega alls konar fimleikaæfingar. Síðasta dag hátíðarinnar gengu ÍR-stúlkurnar leikfimiklæddar fremstar í

klukkustundar hópgöngu um aðalgötur borgarinnar undir íslenska fánanum. Í broddi fylkingar gekk 60 manna hljómsveit. Allar götur voru þéttskipaðar fólki sem hyllti stúlkurnar með húrrahrópum. Við ráðhúsið fögnuðu 20.000 manns er þær heilsuðu með fánanum æðstu embættismönnum Calais-borgar. Að því búnu sýndu ÍR-stúlkurnar á aðalsýningu mótsins og fengu besta sýningarsvæðið á vellinum, frammi fyrir mörgu frönsku stórmenni. Eftir þeim undirtektum sem flokkurinn fékk og ágætum blaðadómum var hann tvímælalaust talinn bestur þeirra kvennaflokka sem mót þetta sóttu. Voru þær taldar með bestu flokkum er sýndu á hátíðinni.

Í Calais var þess farið á leit við flokkinn að hann sýndi í London á heimleiðinni. Að viðstöddum fulltrúum m.a. breska kennslumálaráðuneytisins, borgarráðs Lundúna, íþróttakennarasamtakanna og fjölda íþróttakennaraskóla sýndi flokkurinn í stórum þétt setnum sal við Tottenham Court Road 30. maí. Var það í fyrsta sinn í sögu Englands að flokkur leikfimiskvenna sýnir listir sínar undir íslenskum fána.

Blaðamenn og ljósmyndarar sátu um hótel ÍR-stúlknanna í London

Sýningin varð íslensku þjóðinni og Birni Jakobssyni til sóma. 120 atvinnuleikfimismenn og fleiri hæstráðandi menn innan vébanda leikfimissambands Englands voru viðstaddir. Samhuga lýstu þeir aðdáun sinni á hinni fullkomnu leikfimi hinna íslensku yngismeyja úr ÍR. Þær höfðu opinberað þá hugsjón stjórnanda síns að íslenskt leikfimiskerfi öðlaðist viðurkenningu erlendra sérfræðinga.

Heimkoman. Á hafnarbakkanum í Reykjavík 8. júní 1928 við heimkomu fimleikaflokks kvenna með Gullfossi frá sýningarferð til Frakklands.

Breskir blaðamenn og ljósmyndarar sátu um hótel stúlknanna og tóku hverja myndina af annarri af þeim. Losnuðu þær ekki úr klóm þeirra fyrr en maður frá kvikmyndafélaginu First National Pathé Frères Cinema Ltd., fór með þær út á Queens Athletic Ground. Þar var talinn besti íþróttavöllur Lundúna og tók maðurinn þar kvikmyndir af staðæfingum flokksins. Flestöll blöð Lundúna birtu myndir af flokknum. Eins og hann hafði verið auglýstur hefði verið leikur einn að halda aðra sýningu og fylla stærsta sal heimsborgarinnar. Tími vannst þó ekki til þess því snemma næsta morgun lagði flokkurinn af stað til Edinborgar.

Í Edinborg sýndi flokkurinn 31. maí. Og sem fyrr var salurinn þéttskipaður áhorfendum sem létu í ljós aðdáun sína

á leikni flokksins. Daginn eftir birtist langur dómur um sýningu þessa. Var hann á sömu lund og skrif um aðrar sýningar ÍR-flokksins í þessari frægðarför. Við heimkomuna 8. júní var mikill mannfjöldi saman kominn á hafnarbakkanum og beið þess að Gullfoss legðist að. Það átti að fagna vel stúlkunum sem voru að koma heim úr frægðarförinni.

Til fararinnar veitti Alþingi 3.000 króna styrk á fjárlögum sem fyrr segir. Það hrökk ekki fyrir nema litlum hluta ferðakostnaðar og því var einnig leitað til Reykjavíkurborgar um styrk. Samþykkti hún að bæta 1.500 krónum við. Borgarstjórinn var einn á móti styrkveitingunni. Fannst honum það óforsvaranleg meðferð á fé bæjarins að styrkja hópinn á mótið, það væri ekki merkilegra en aðrar alþjóðlegar samkomur sem haldnar væru.

Undirbúningi undir þátttöku kvennaflokksins í Berlín hætt

Og víst var að ekki voru allir ánægðir með útrás ÍR, ef svo mætti að orði komast. Otto B. Arnar, einn af keppendum félagsins í öndverðu, hvatti til þess á aðalfundi ÍR 1929 að félagið gæfi sig allt að starfseminni inn á við. „Félagið á að hætta svonefndri „auglýsingastarfsemi“ sinni erlendis. Það er stofnað sem íþróttafélag en ekki „propagandafélag“ og var um eitt skeið á góðum vegi með að ná tilgangi sínum. Þá fór það inn á aðrar brautir og hefir þannig skemmt sig og lamað um langan tíma,“ sagði Otto í bréfi sem hann sendi aðalfundinum þar sem hann gat ekki verið í bænum þann daginn.

Þrátt fyrir að Otto hafi gefið annað til kynna er áfram mikill kraftur í fimleikum ÍR. Það sem hélt mönnum vakandi þessi árin var að alltaf var eitthvað framundan til að keppa að. Sýningar innanlands og utan, ferðalög og keppni. Miðað við yfirlit yfir æfingar sem keppt skyldi í á Ólympíuleikunum í Berlín 1936 þótti sýnt að kvennaflokkur ÍR gæti með sæmilegum árangri tekið þátt í leikunum. Hafnar voru æfingar með þátttöku í huga en þeim var hætt í janúar 1936. Þótti ásigkomulag flokksins þess eðlis að litlar líkur væru til þess að hægt væri á þeim stutta tíma sem til stefnu var að gera hann hæfan til þátttöku. Meðal annars vantaði áhöld og tekið hefði tíma að fá þau til landsins. Þá var það ófrávíkjanlegt skilyrði mótshaldara í Berlín að kona stjórnaði flokknum. Það eitt þótti Ólympíunefnd Íslands myndi hafa verið nægjanlegt – eins og á stóð – til að hverfa frá hugmyndinni um að senda fimleikakonurnar til leikanna.

Eftir utanferðirnar 1927 og 1928 var stefnan tekin á 1000 ára hátíð alþingis Íslendinga 1930. Þar urðu ÍR-ingar að geta sýnt leikfimi. Jafnframt var æft undir keppni þessi ár, bæði hjá flokkum og einstaklingum. Þá eignast félagið sitt eigið íþróttahús árið 1929 er það eignaðist gömlu kaþólsku kirkjuna og bjó hana út sem æfingahús við Túngötu. Um árabil var það aðalaðsetur félagsins og allar fimleikaæfingar fóru þar fram. Áður en það kom til höfðu þær farið fram í íþróttasal Barnaskólans.

Sumarið 1930 gengur í garð. Í júnímánuði er haldið til Þingvalla og þar sýna fimleikaflokkar ÍR listir sínar ásamt öðrum fimleikaflokkum úr Reykjavík og Akureyri við mikinn fögnuð landa sinna. Ennþá er það Björn Jakobsson sem stjórnar flokkunum með mikilli prýði. Átti félagið Birni mikið að þakka fyrir þann tíma sem hann stjórnaði fimleikaflokkum ÍR.

Þegar Alþingishátíðinni lýkur er 25 ára afmælishátíð ÍR framundan og áfram eitthvað til að keppa að. Því er æft af kappi þessi árin og reynt að efla og glæða fimleikaáhugann eftir bestu getu. Kennaraskipti verða hjá félaginu er Björn Jakobsson hættir vorið 1931 og stofnar íþróttakennaraskóla á Laugarvatni. Tók Benedikt Jakobsson við kennslu í úrvalsflokkum karla og kvenna. Hann var þá nýkominn frá námi í Stokkhólmi, mjög áhugasamur og efnilegur kennari. Aðalsteinn Hallsson, sem hóf störf hjá ÍR 1929, kenndi enn yngri flokkunum, eða til haustsins 1932. Þá hættir hann einnig og tók Benedikt við allri fimleikakennslu hjá félaginu og kenndi af miklum skörungsskap og áhuga.

Þeir Benedikt og Aðalsteinn stjórnuðu fimleikaflokkum félagsins á 25 ára afmælissýningum þess á þriggja daga íþrótta- og menningarhátíð í Iðnó 9.–11 . mars 1932. Þar sýndu allir fimleikaflokkar félagsins, karla og kvenna, drengja og telpna og „Old Boys“. Fóru sýningarnar í alla staði mjög vel fram og var gerður góður rómur að.

Forystumenn hafa flestir fengið undirbúning sinn í ÍR

Í blöðum bæjarins birtust greinar um félagið á afmælisdaginn 11. mars. Í Morgunblaðinu, er út kom þennan dag, stóð eftirfarandi klausa: „Í dag er elsta fimleikafélag bæjarins – og líklega landsins – 25 ára gamalt. Á föstudegi var hafinn undirbúningur undir stofnun fimleikafélagsins, og 11. mars var Íþróttafélag Reykjavíkur stofnað fyrir forgöngu Norðmannsins A.J. Bertelsen, sem er enn starfandi fimleikamaður í félaginu. Öll árin hefur félagið starfað síðan, einnig þá vetur, er bannað var að hafa leikfimi í skólum bæjarins til að spara kol. Félagið hefur verið að vaxa alla tíð síðan. Auðvitað hefur misjafnlega mikið borið á þroska þess, og er það 25 ára með 10 starfandi fimleikaflokka, auk allra þeirra flokka, er vinna að sérþróttum, tennis, glímu, sundi o.fl. Í tuttugu og fimm ár hefur ÍR unnið fyrir íþróttamálin meira og minna á öllum sviðum. ÍR hefur átt upptökin og forystuna á langflestum sviðum íþróttastarfseminnar hér í bæ mestallan þennan aldarfjórðung, sem það hefur starfað og flest allir þeir menn, sem nú standa fremstir í starfsemi íþróttafélaganna, ekki aðeins hér í bæ heldur víða úti um landið, hafa fengið sinn fyrsta undirbúning í ÍR.“ Og fleiri greinar í þessum dúr birtust víðar.

Tryggvi Magnússon, fimleikameistari Íslands 1929 og 1930.

Á fyrsta aldarfjórðungi félagsins höfðu ÍR-ingar tekið þátt í margri fimleikakeppni karla, bæði flokka- og einstaklingskeppni, og unnið marga sigra á þeim vettvangi. Áður hefur verið getið um flokkakeppnina, en ÍR-ingar létu einnig mjög að sér kveða í einstaklingskeppni í fimleikum. Átti félagið Íslandsmeistara fyrstu sex árin, eða 1927–32. Og alls níu meistara af 12 sem keppt var um áður en keppnin féll niður, en hún var síðast haldin 1938.

Árið 1927 gaf Þorsteinn Sch. Thorsteinsson, lyfsali og síðar formaður ÍR, bikar til einmenningskeppni í fimleikum. Skyldi sá er ynni hann hljóta titilinn „Fimleikameistari Íslands“. Í byrjun maí 1927 er fyrst keppt um þennan bikar og vinnur Magnús Þorgeirsson hann fyrir hönd ÍR. Varð hann þar með fyrsti fimleikameistari Íslands. Magnús vinnur bikarinn aftur árið eftir, 1928. Þá tekur Tryggvi Magnússon við og verður fimleikameistari 1929 og 1930. Árið 1931 verður Ósvaldur Knudsen hlutskarpastur og vinnur fimleikameistaratitilinn. Hann varð síðar einhver mesti heimildakvikmyndagerðarmaður landsins og hafa eldgosamyndir hans hlotið heimsfrægð.

Á 25 ára afmælinu höfðu ÍR-ingar því unnið einmenningskeppnina fimm sinnum. Flokkakeppnina höfðu þeir unnið þrisvar sinnum, Ármenningar tvisvar sinnum, en tvisvar hafði ekki verið keppt vegna þess að enginn flokkur bauð sig þá fram móti ÍR.

Þegar aldarfjórðungur var liðinn í starfstímabili Íþróttafélags Reykjavíkur höfðu fimleikaflokkarnir haft um 140 sýningar víðs vegar um landið, auk utanfaranna. Þegar annar aldarfjórðungur í félagsstarfi ÍR hófst var starfsemi félagsins í fimleikamálum vel viðunandi. 10 flokkar æfðu, sumir nokkuð fjölmennir og áhuginn virtist vera góður. Æft er undir keppni í 1. flokki og hinn 1. maí 1932 fer fram einmenningskeppni í fimleikum í ÍR-húsinu. Í Morgunblaðinu frá 13. maí segir svo: „Jón Jóhannesson vann einmenningskeppnina í fimleikum fyrir árið 1932 hinn 1. maí sl. Þátttakendur voru níu, sex frá ÍR og þrír frá KR. Fyrstu þrír menn voru frá ÍR og hlutu stigatölu sem hér segir: 1 . Jón Jóhannesson 439,76 stig, 2. Osvaldur Knudsen með 417,80 stig og 3. Magnús Þorgeirsson hlaut 385,53 stig.“ Jón varð síðar stórkaupmaður og Magnús stofnaði og rak til dauðadags heimilistækjaverslunina Pfaff, en við hana var hann jafnan kenndur.

Jón, sem var yngstur af þessum meisturum, var orðinn nokkuð þjálfaður og góður fimleikamaður. Hann átti eftir að keppa oft um bikarinn, sem Þorsteinn gaf, og vinna hann til eignar að lokum.

Ennþá töggur í fimleikaflokkum ÍR

Sunnudaginn 24. maí á afmælisárinu hélt ÍR sýningu á Austurvelli. Í blaðagrein frá 26. maí segir svo: „Fimleikasýning ÍR á Austurvelli á sunnudaginn var hófst kl. 2 síðdegis. Veður var hið besta og áhorfendur skiptu þúsundum. Fyrst sýndi telpnaflokkur staðæfingar og áhaldaæfingar undir stjórn Aðalsteins Hallssonar. Því næst sýndi kvennaflokkur samstilltar fagrar æfingar, sem glæsilegt var á að horfa, undir stjórn Benedikts Jakobssonar. Lauk sýningum flokksins með áhaldaæfingum á hesti og tvíslá. Að lokum sýndi karlaflokkur félagsins undir stjórn Benedikts Jakobssonar karlmannlegar og fjörugar staðæfingar, þá áhaldaæfingar á hesti, fimleikadýnu, svifrá og í hringjum og þótti áhorfendum mikið til koma. Dundi lófatakið við hvað eftir annað, en mest þó að loknum æfingum. Af Austurvelli fóru kvenna- og karlaflokkarnir til Vífilsstaða og sýndu þar listir sínar.“

Af þessu sést að ennþá er töggur í fimleikaflokkunum og þeir þykja vel þjálfaðir og góðir. Um haustið er enn hafist handa af miklum krafti, ef dæma má eftir auglýsingu, er birtist í dagblöðunum, svohljóðandi:

„Æfingar hjá ÍR veturinn 1932 -‘33 verða þannig:
„Old Boys“ mánudaga og fimmtudaga kl. 6–7. Frúarflokkur þriðjudaga og föstudaga kl. 2–3. 1. fl. karla mánudaga og fimmtudaga kl. 7½–8½. 1.fl. kvenna mánudaga og fimmtudaga kl. 8.30–9.30. 2. fl. karla þriðjudaga og föstudaga kl. 7.30–830. 2.fl. kvenna þriðjudaga og föstudaga kl. 8.30–9.30 Yngri flokkar komi upp í fimleikahús í dag til skrafs og ráðagerðar, drengir kl. 8, stúlkur kl. 9.“

Benedikt Jakobsson var nú einn kennari hjá félaginu og kenndi öllum fimleikaflokkum félagsins og auk þess frjálsíþróttir. Æfingar voru vel sóttar og áhuginn virtist góður. Vorið 1933 fór fram keppni að vanda. Í Morgunblaðinu

Fimleikaflokkur ÍR um 1927.
Frá vinstri fremri röð; Geir Haukdal, Tryggvi Magnússon (listmálari m.m.), Sveinbjörn Ingimundarson og Magnús Þorgeirsson (í Pfaff).
Frá vinstri aftari röð; Ásbjörn Ólafsson (málarameistari), Gísli Ólafsson (bakarameistari), Sigursteinn Magnússon (konsúll Íslands í Edinborg), Ósvaldur Knudsen (kvikmyndagerðarmaður) og Jón Jóhannesson (stórkaupmaður).

frá 2. maí 1933 segir: „Fimleikakeppni um farandbikar „*Oslo Turnforening*“ fór fram á sunnudaginn var í ÍR-húsinu. Keppendur voru 18 piltar úr Glímufél. Ármann undir stjórn Jóns Þorsteinssonar og 10 piltar úr ÍR undir stjórn Benedikts Jakobssonar. Úrslit urðu þau, að Ármann vann með 546,02 stigum en ÍR fékk 512,87 stig“.

Þetta vor hafði ÍSÍ gengist fyrir því að haldið yrði fimleikamót fyrir allt landið í Reykjavík. Var öllum félögum og skólum boðið að senda fimleikaflokka á mótið. Þátttakan varð sæmileg en þó ekki eins mikil og búist var við. Mótið hófst í Reykjavík 27. maí með því að

allir þátttakendurnir gengu fylktu liði frá Austurbæjarbarnaskólanum suður á íþróttavöll. Þar hófust svo sýningar sem

Sirrý, Lilý og Stína úr fimleikaflokki ÍR á æfingu við ÍR-húsið 1930.

stóðu yfir í þrjá daga. ÍR var þátttakandi í þessu móti, sem var hið fyrsta á landsvísu, en í því tóku þátt 140 manns.

Kennaraskipti verða aftur hjá ÍR 1934. Benedikt Jakobsson hættir en við tekur ungur maður, Baldur Kristjónsson, og kennir hann í öllum flokkum. Heldur er nú farið að draga úr fimleikaáhuganum, en þó er eins og það sé nokkuð misjafnt frá ári til árs hve margir hafa áhuga á að æfa leikfimi. Ennþá er keppt árlega um einmenningsmeistaratitilinn í fimleikum sem ÍR vann síðast 1931. Fer sú keppni venjulega fram í byrjun maí.

Jón Jóhannesson, fimleikameistari Íslands 1935 og 1936.

Jón Jóhannesson fjórum sinnum fimleikameistari Íslands

Næstu tvö árin 1935 og 1936 verður Jón Jóhannesson ÍR fimleikameistari. Er hann þá búinn að vinna bikarinn þrisvar, en ekki í röð. Árið 1936 eru það aðeins fjórir menn sem keppa og allir úr ÍR: Jón Jóhannesson, Heinrich Wöhler, Sigurður Steinsson og Guðni Steindórsson. Áhorfendur voru fjölmennir og skemmtu sér ágætlega. Þetta var í 10. sinn sem keppt var. Jón fór með sigur af hólmi, hlaut 525,70 stig. Annar varð Heinrich Wöhler, þýskur maður, með 515,98 stig, þriðji Sigurður Steinsson með 448,02 stig og fjórði Guðni Ö. Steindórsson með 399,63 stig. Það sem Jón hafði sérstaklega fram yfir hina keppendurna var mýktin og víðast hvar einnig öryggið.

Eftir keppnina afhenti forseti ÍSÍ bikarinn og hélt stutta ræðu. Sagði hann að það bæri vott um sorglegt áhugaleysi að ekki skyldu nema fjórir menn, og allir úr sama félagi, taka þátt í þessari keppni. Hér væru þó mörg íþróttahús svo ekki væri nein afsökun að menn gætu ekki æft sig. Kvaðst hann vona að í næstu meistarakeppni tæki fjöldi manna þátt og síðan framvegis á hverju ári.

Veturinn 1936–37 var heldur fáliðað í fimleikum hjá ÍR. Aðeins tveir flokkar æfðu, einn karlaflokkur og einn kvennaflokkur auk „Old Boys“ og frúarflokks. Kennari var Baldur Kristjónsson. Í mars 1937 mættu t.d. aðeins 6–8 menn á æfingar að staðaldri. Jón Jóhannesson var ennþá besti maðurinn í flokknum. Gömlu meistararnir, er mestur ljómi stóð af áður fyrr, voru þá hættir og sestir í helgan stein. Minningin um afreksmennina

lifði þó enn í flokknum. Oft var talað um stökkin hans Silla og sveiflurnar hans Tryggva, svo eitthvað sé nefnt.

Laugardaginn 8. maí 1937 fór fram einmenningskeppni í fimleikum, sú 11. í röðinni. Sex menn tóku þátt í keppninni, fjórir frá ÍR og tveir frá Ármanni. Jón Jóhannesson ÍR bar enn af og varð fimleikameistari Íslands í þriðja skipti í röð. Vann hann þar með til eignar silfurbikar þann sem gefinn var 1927 til að keppa um í einmenningskeppni í fimleikum. Hlaut Jón 519,96 stig. Annar varð Heinrich Wöhler ÍR, með 477,64 stig. Halldór Magnússon ÍR varð fjórði með 457,75 stig og Þórir Konráðsson ÍR sjötti með 447,91 stig.

Þetta var í síðasta sinn sem keppt var um bikar í einmenningsfimleikum, enda voru fimleikafélögin ekki á eitt sátt um það hvernig ætti að haga slíkri keppni.

Um hvítasunnuleytið þetta ár fór fram annað fimleikamót ÍSÍ. Í því tóku þátt um 200 manns frá tólf íþróttafélögum, aðallega úr Reykjavík. Mótið hófst á annan í hvítasunnu. Vegna veðurkulda var það haldið innanhúss í stað þess að fara fram á íþróttavellinum. Alls tóku tólf flokkar þátt í mótinu. ÍR sendi einn úrvalsflokk karla undir stjórn Baldurs Kristjónssonar, alls tíu menn. Þetta mót var talið mikill viðburður í fimleikamálum landsins. Reyndin varð samt sú að það átti eftir að verða síðasta kappmótið sem haldið var í fimleikum í 30 ár eða til loka sjöunda áratugarins.

Keppni í fimleikum líður undir lok

Laugardaginn 29. maí fór fram flokkakeppni í fimleikum um farandbikar Oslo Turnforening í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar. Hófst hún kl. 8 um kvöldið og var húsið þétt skipað áhorfendum. Tveir flokkar kepptu. Einn frá Ármanni, níu menn undir stjórn Jóns Þorsteinssonar og einn frá ÍR, átta menn undir stjórn Baldurs Kristjónssonar. Keppnin var afar spennandi og jöfn en í heildina þó langt frá því að vera góð því báðir flokkarnir voru götóttir af úrvalsflokkum að vera. Úrslitin urðu þau að flokkur Ármanns vann með 446,69 stigum og hlaut bikarinn í 7. sinn. ÍR-flokkurinn fékk 431,49 stig, en í honum voru Ásbjörn Jónsson, Halldór Magnússon, Guðni



Fimleikaflokkur ÍR á konungssýningu á Melavellinum 1936 undir stjórn Baldurs Kristjónssonar.

Steindórsson, Ellert Sölvason, síðar þekktur sem knattspyrnumaðurinn Lolli í Val, Guðmundur Sölvason, Sigurður Steinsson, Heinrich Wöhler og Jón Jóhannesson.

17. júní-sýning á Melavellinum 1939. Fánaberi er Jón Jóhannesson.

Með þessari keppni lauk flokkakeppni í fimleikum á Íslandi í bili eða rúma þrjá áratugi. Orsökin var ósamkomulag félaganna um það hvernig fyrirkomulag keppninnar ætti að vera, í hvaða fimleikagreinum ætti að keppa og einnig hvernig ætti að haga stigagjöfinni.

Einstaklingskeppninnar biðu sömu örlög því ári síðar, eða 7. maí 1938, fór fram síðasta einmenningskeppni í fimleikum þar til þráðurinn var tekinn upp að nýju árið 1969, ári eftir stofnun Fimleikasambands Íslands, en fyrsti formaður þess var ÍR-ingurinn Valdimar Örnólfsson. Þátttakendur í þessu móti voru sex, fjórir frá KR, einn frá ÍR og einn frá Ármanni. Jens

17. júní-sýning á Melavellinum 1939. Á myndinni eru m.a. f.v. Jósefína Jóhannesdóttir, Lára K. Ólafsdóttir, Kristín Árnadóttir í splitti, Sigríður Guðmundsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og stjórnandinn Baldur Kristjónsson.

Magnússon Ármanni sigraði og vann Halldór Magnússon ÍR naumlega, hlaut 486,40 stig en Halldór fékk 482,08 stig. Þriðji varð Anton B. Björnsson KR, faðir Markúsar Arnar borgarstjóra, með 447,75 stig. Ekki var keppt um bikar að þessu sinni þar eð hann hafði verið unninn til eignar árið áður heldur aðeins titilinn „fimleikameistari Íslands“.

Þegar hér var komið sögu hafði orðið hnignun í fimleikunum. Í Íþróttablaðinu er út kom í ágúst 1938 segir svo: „Sem heild sýndi keppni þessi frekar afturför en framför samanborið við keppnina í fyrra. Sumir þátttakendanna gerðu að vísu margt sæmilegt en fátt ágætlega og enginn þeirra getur kallast afbragðs fimleikamaður. Jens er sterkur og getur mikið og Halldór er liðlegur, en þá vantar báða ýmsa kosti, sem virkilega góður fimleikamaður þarf að hafa. Yfirleitt voru fimleikamennirnir ekki nógu öruggir og ekki nægilega fjaðurmagnaðir.“

Upp úr öldudal með komu Davíðs til ÍR

Hér endar saga fimleikakeppninnar í bili. Er eins og fimleikarnir sígi niður djúpan öldudal sem erfitt reynist að ná þeim upp úr aftur. Að vísu hefur þeim skolað upp á hrygginn öðru hverju en jafnharðan hafa þeir dottið niður aftur.

Næstu fimm ár í fimleikasögu ÍR eru dauf og döpur. Baldur hættir að kenna og erfitt reynist að fá mann í hans stað. Þeir sem byrja að kenna tolla ekki nema eitt ár í einu og stundum þarf að skipta um á miðjum vetri. Þetta á sér margar orsakir: Hinir gömlu fimleikamenn, sem eitthvað kunnu á áhöldunum, eru nú allir hættir. Kennararnir sem taka að sér kennslu kunna ekki að kenna á þessi áhöld, meðal annars vegna þess að kennsla í Íþróttakennaraskólanum er eingöngu miðuð við að þeir sem þaðan útskrifast

geti kennt smábörnum og unglingum í skólum landsins leikfimi og leiki. Og síðast en ekki síst að samkvæmt nýrri skólalöggjöf var öllum börnum og unglingum í skólum landsins bannað að æfa íþróttir hjá félögunum. Það bann var þó brotið.

Svona er málum komið í fimleikum hjá ÍR þegar Davíð Sigurðsson, síðar kenndur við FIAT-umboðið, tekur við allri fimleikakennslu félagsins haustið 1943. Nú er eins og þeir velti upp á ofurlítinn ölduhrygg. Boðuð er stofnun lýðveldis á Íslandi árið eftir og þá verður að hafa fjölmennar fimleikasýningar á Þingvöllum. Æft er í tveimur flokkum, einum karla- og einum kvennaflokki. Æfingarnar eru vel sóttar, sérstaklega þegar líða tekur á veturinn. Um vorið er ákveðið að Davíð stjórni úrvalsfimleikaflokki karla með bestu mönnum allra fimleikafélaganna í Reykjavík. Tveir menn úr ÍR komast í þennan flokk: Finnbjörn Þorvaldsson, síðar frægur frjálsíþróttamaður, og Halldór Magnússon, en alls eru tólf menn í flokknum. Auk þess æfir Davíð ÍR-flokkana báða því nú er ákveðið að fara í sýningarferð vestur á land að sumri. Einnig æfa ÍR-ingar með hópsýningarflokki undir stjórn Vignis Andréssonar.

Hinn 17. dag júnímánaðar 1944 er haldið til Þingvalla og sýnt þar í hópsýningarflokki, en daginn eftir sýnir úrvalsflokkurinn á íþróttavellinum í Reykjavík við mikinn fögnuð áhorfenda.

Vestfirðingar létu ánægju sína óspart í ljós

Viku seinna eða 24. júní er svo lagt upp í sýningarferð um Vestfirði ásamt frjálsíþróttamönnum og handboltastúlkum

Fimleikaflokkurinn sýndi á þjóðhátíðinni í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum 1939. F.h. fánaberi Dóra, Baldur Kristjónsson þjálfari, Nanna, Sigrún, Sigríður, Kristín, Jósefína, Lára, Unnur, óþekkt og María.

úr ÍR. Farið var með Esju til Ísafjarðar. Kalt er í veðri þegar lagst er að bryggju hinn 25. júní á Ísafirði. Ísfirðingar taka vel á móti flokknum og hann fær að búa í Gagnfræðaskólanum. Um kvöldið er haldin fyrsta fimleikasýningin uppi í svonefndri Stórurð fyrir ofan bæinn. Stórum palli hafði verið komið þar upp fyrir sýningarnar. Fimleikaflokkarnir gengu í fylkingu undir fána frá skátaheimilinu upp í Stórurð. Fyrst sýndi kvennaflokkurinn mjúkar og fagrar staðæfingar og síðan æfingar á hárri jafnvægisslá. Strax á eftir sýndi svo karlaflokkurinn þróttmiklar staðæfingar ásamt æfingum á tvíslá, á dýnu og á hesti með stökkbretti. Áhorfendur létu óspart ánægju sína í ljós með

dynjandi lófataki. Síðar um kvöldið var svo haft boð inni fyrir flokkinn og dansað fram eftir nóttu. Sólin var löngu komin upp er menn gengu til náða. Aðra sýningu hélt flokkurinn á Ísafirði fyrir framan sjúkrahúsið og tókst hún einnig vel.

Frá Ísafirði var farið til fjarðanna í nágrenninu. Sýnt var á Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, í Bolungarvík og Hnífsdal. Þar höfðu ÍR-ingarnir miðnætursýningu á Völlunum í svo dásamlegu veðri að aldrei höfðu þeir séð slíka fegurð sem þar var að líta. Heiðskírt veður, ekki skýhnoðri á lofti og sólin gekk aldrei undir heldur eins og maraði hálf í kafi er hún var sem lægst. Sló rauðleitum bjarma á allt umhverfið og var eins og hafið logaði allt umhverfis sólina. Tókst sýningin ágætlega og voru undirtektir áhorfenda ágætar, sögðu ferðalangar.

Á Ísafirði var einnig keppt í frjálsíþróttum og handknattleik. Síðasta kvöldið á Ísafirði var flokknum haldið samsæti með dansi á eftir. Skemmtu allir sér vel fram eftir nóttu. Frá Ísafirði var svo haldið sjóleiðis fyrir Horn til Hólmavíkur. Þar var haldin ein fimleikasýning. Gist var á Hólmavík en síðan haldið næsta dag landleiðis í tveimur langferðabílum til Reykjavíkur.

Félagið hættir fimleikum í bili

Stúlknaflokkur undir stjórn Davíðs Sigurðssonar sýndi við góðar undirtektir á hátíðarfundi í Hljómskálagarðinum að kvöldi 17. júní 1945. Efnt var til hátíðarfundarins í tilefni eins árs afmælis lýðveldisstofnunarinnar. Annar eins manngrúi hafði aldrei komið saman í borginni og þá, sögðu fjölmiðlar. Um 15 þúsund manns voru í garðinum og götunum í kring.

Flokkar Davíðs vöktu og mikla hrifningu á Akranesi vorið eftir. Fullur rútubíll af fimleikafólki úr ÍR hélt þangað laugardaginn 23. mars. Kvennaflokkurinn sýndi fyrst staðæfingar og æfingar á slá. Undir nokkrum æfinganna var leikið á fiðlu og píanó og þótti mjög tilkomumikið. Karlaflokkurinn tók svo við og sýndi fyrst staðæfingar, svo æfingar á tvíslá, í hringjum og af stökkbretti. Var þetta í fyrsta sinn sem Akurnesingum gafst kostur á að sjá slíkar æfingar og vöktu þær mikla hrifningu. Þótti sýningin, sem góð aðsókn var að, vera bæði félaginu og kennaranum til hins mesta sóma. Á eftir bauð Íþróttabandalag Akraness til kaffidrykkju á Hótel Akranesi en síðan fór hópurinn á dansleik. Var eigi lagt af stað heim fyrr en klukkan þrjú um nóttina og komið í bæinn klukkan sex að morgni. Davíð kennari bauð þá öllum þátttakendum fararinnar heim til sín og bauð upp á mjólk og smurt brauð af hinni mestu rausn.

Vorið 1945 var efnt til einmenningsfimleikakeppni innanfélags hjá ÍR. Hafði verið gefinn lítill bikar til keppninnar. Hana vann Halldór Magnússon en annar varð Finnbjörn Þorvaldsson.

Næsta ár, hinn 17. júní 1946, sýndi karlaflokkur ÍR á íþróttavellinum undir stjórn Davíðs. Þá urðu viss tímamót því eftir þessa sýningu hættir öll fimleikastarfsemi hjá ÍR um nokkurra ára skeið.

Haustið 1951 er svo aftur vakin upp fimleikastarfsemi hjá félaginu, af þáverandi formanni þess Gunnari Steindórssyni. Var Davíð Sigurðsson á ný fenginn til að kenna karlaflokknum en Hrefna Ingimarsdóttir kenndi kvennaflokki. Fimleikadeild var formlega stofnuð og formaður hennar kosinn Halldór Magnússon en þeim starfa gegndi hann í um áratug.

Vorið 1953, þegar tíu ár voru liðin frá því að Davíð Sigurðsson byrjaði að kenna leikfimi hjá félaginu, gaf hann ÍR bikar til innanfélagskeppni í fimleikum. Var keppt um þennan bikar í maí sama ár og tóku sex menn þátt. Sigurvegari varð deildarformaðurinn, Halldór Magnússon, fékk 70,14 stig og annar Ásgeir Sigurðsson með 60,39 stig. Keppt var í sömu greinum og á Ólympíuleikunum.

Eftir að ÍR keypti Tívolí sýndu bæði karla- og kvennaflokkar félagsins þar árlega á opnunardaginn. Á tíu ára afmæli lýðveldisstofnunar á Íslandi, sem haldið var hátíðlegt á íþróttavellinum 17. júní 1954, sýndi karlaflokkur félagsins undir stjórn Davíðs Sigurðssonar. Þá um haustið ákvað stjórn félagsins að gera sérstaka tilraun til eflingar fimleikaiðkun karla, kvenna og drengja.

Fimleikaflokkur ÍR 1957 sýndi fimleika á íþróttakennaraþingi í London 1957 og víðar við mjög góðar undirtektir. Stjórnandi flokksins, Sigríður Valgeirsdóttir prófessor, samdi æfingarnar, Jórunn Viðar samdi tónlistina og lék undir á píanó.
Á myndinni eru, neðri röð frá vinstri; Elísabet Hannesdóttir, Elsa Hermannsdóttir, Sigrún Eiðsdóttir, Elín Sigurvinsdóttir og Anna Gísladóttir.
Aftari röð frá vinstri; Unnur Bjarnadóttir, Ingunn Valtýsdóttir, Jórunn Viðar pianóleikari, Sigríður Valgeirsdóttir stjórnandi, Kristín Þórðardóttir og Eyþóra Valdemarsdóttir.

Íþróttin hafði þá um nokkur ár átt erfitt uppdráttar hjá íþróttafélögum bæjarins, ekki bara ÍR.

Sýna aftur í London við góðar undirtektir

Í ársbyrjun 1955 réðst Sigríður Valgeirsdóttir til ÍR og kom starfi kvennaflokks félagsins í gang á ný en starfsemi hans hafði legið niðri um nokkurn tíma. Stjórnaði hún honum af miklum skörungsskap í nokkur ár. Ríkti mikill áhugi í flokknum. Var starfað af miklum þrótti og sýningarferðir alltíðar út á land. Jórunn Viðar píanóleikari starfaði með flokknum og lék undir á sýningum.

Úrvalsflokkur ÍR undir stjórn Sigríðar sýndi fimleika á alþjóðlegu fimleikamóti kveníþróttakennara í London í júlí 1957 og víðar við mjög góðar undirtektir. Sigríður samdi æfingarnar og Jórunn

Viðar tónlistina við þær og lék undir á píanó. Flokkar frá um 60 þjóðum tóku þátt í þessari alþjóðlegu íþróttahátíð. Sýningarstúlkurnar níu voru Anna Gísladóttir, Elín Sigurvinsdóttir, Elísabet Hannesdóttir, Elsa Hermannsdóttir, Eyþóra Valdemarsdóttir, Ingunn Valtýsdóttir, Kristín Þórðardóttir, Sigrún Eiðsdóttir og Unnur Bjarnadóttir. Ein þeirra, Elísabet, stjórnaði um tveimur áratugum seinna frúarleikjum í Breiðholtsskóla á vegum fimleikadeildar ÍR.

Fyrir förina efndi flokkurinn til sýningar í Sjálfstæðishúsinu þar sem bæjarbúum gafst tækifæri að sjá til hans. Fyrir sýninguna efndi og ÍR til blaðamannafundar fyrir förina þar sem stúlkurnar sýndu æfingar sínar. „Er greinilegt að stúlkurnar eru mjög vel þjálfaðar og samstilltar. Leikni þeirra er mikil en sérstaka athygli vöktu staðæfingar þeirra við píanóundirleik. Nú í kvöld gefst bæjarbúum tækifæri til að sjá utanfarana sýna kerfi sitt en það er samansett af boltaæfingum, jafnvægisæfingum á dýnum og slá ásamt staðæfingum," sagði Alþýðublaðið 5. júlí.

Drengjaflokkur ÍR í fimleikum á æfingu í október 1959 undir stjórn Birgis Guðjónssonar.

Í frásögn Tímans daginn eftir með mynd er sagt frá því að flokkurinn hafi verið mjög iðinn við æfingarnar. Til marks um það komi ein stúlknanna, íþróttakennari, í bæinn tvisvar í viku til að æfa.

Morgunblaðið gat þess að þetta væri í annað sinn sem fimleikaflokkur kvenna úr ÍR færi til Lundúna. Í fyrra sinnið árið 1925 undir stjórn Benedikts Jakobssonar, síðar skólastjóra Íþróttaskólans á Laugarvatni. Sá flokkur hefði vakið mikla athygli. „Stúlkurnar sem fóru utan nú voru vel undir þátttökuna búnar, sem gleggst mátti sjá á sýningum er þær héldu fyrir brottförina," segir blaðið.

Starfið lendir á herðum Birgis og aðeins drengjaflokkar lifa af

Á sama tíma og kvennaflokkur Sigríðar fagnaði velgengni gekk hins vegar erfiðlega að fá kennara að karlaflokkunum. Kom jafnvel til þess sem fyrr að skipt var um kennara á miðjum vetri. Í ársbyrjun 1955 tók Davíð enn við kennslu í fimleikaflokki karla en frekar fámennt var í honum. Hörður Rögnvaldsson þjálfaði drengjaflokk.

Valdimar Örnólfsson tók við þjálfun karlaflokks um 1957. Sýningar voru jafnan við opnun Tívolís á þessum árum. Karla- og kvennaflokkur félagsins fóru saman í sýningarferð til Akureyrar vorið 1959 og tóku einnig þátt í 17. júní-mótinu í Reykjavík. Upp úr því dofnar yfir starfi flokkanna eina ferðina enn. Valdimar hóf einnig kennslu drengjaflokks. Á þeim tíma var það eini unglingaflokkurinn á landinu. Hann fékk Birgi Guðjónsson til að taka við þessum flokki haustið 1959.

Það varð úr, en þar sem ekki var lengur virk stjórn á deildinni lenti allt á breiðum herðum Birgis, síðar helsta forsvarsmanns íþróttahreyfingarinnar í lyfjamálum. Hann varð allt í senn, þó ekki formlega, formaður, stjórn og þjálfari. Áformað hafði verið að auk Birgis myndi Simonyi Gabor frjálsíþróttaþjálfari einnig kenna fimleika, svo og Nanna Úlfsdóttir. Úr því varð þó ekki og aðeins var líf í drengjaflokknum. Til þess að auka færni sína sem þjálfari dvaldist Birgir síðan sumarlangt við Íþróttaskólann í Köln árið 1960 og var til þess styrktur af félaginu.

Albert og Finnbjörn komu tollinum af tækjunum niður

Stjórn félagsins studdi enn mjög við bakið á starfsemi fimleikadeildarinnar á þessum tíma og ný fimleikaáhöld voru útveguð. Pantaðar voru m.a. svifrá og tvíslá í byrjun febrúar 1960 fyrir 158,20 dollara. Ákveðið var að reyna að fá þær til landsins á sem ódýrastan hátt. Tækin voru komin í ÍR-húsið í apríl og hafði Albert Guðmundssyni formanni félagsins tekist að koma tollinum af þeim niður í 2.451 krónu í stað rúmlega 20 þúsunda. Þar munaði ekki svo lítið um að Finnbjörn Þorvaldsson skrifstofustjóri Loftleiða, fyrrverandi frjálsíþróttamaður og liðsmaður fimleikaflokks félagsins, hafði komið því svo fyrir að félagið þurfti aðeins að borga 10% af aðflutningsgjöldunum.

Drengjaflokkur ÍR í fimleikum á árshátíð ÍR í mars 1961 í Sjálfstæðishúsinu undir stjórn Birgis Guðjónssonar. F.v. Guðjón Helgason, Halldór, Geir Þorsteinsson, Geir Rögnvaldsson, Bragi Guðmundsson, Örn Aðalsteinsson, óþekktur, Kjartan K. Steinbach, Birgir Guðjónsson þjálfari, Þórður Ólafsson, Kjartan Þórðarson, Sigurður Esrason, Guðmundur Jónsson, Guðlaugur Hallgrímsson, óþekktur, Valgeir Guðjónsson og Hjalti Guðmundsson.

Fimleikadrengirnir æfðu vel og náðu allgóðum árangri, einkum í dýnustökkum. Þeir komu fram á ýmsum sýningum, til dæmis Íþróttahátíð ÍSÍ 1962 og á árshátíðum ÍR. Einnig var tekin upp sú nýbreytni að sýna í hléum kappleikja í handknattleik. Vöktu æfingar drengjanna mikla athygli. „Litlir fimleikamenn stálu athygli frá landsliðsmönnum" sagði t.a.m. í stórri fyrirsögn á frásögn Morgunblaðsins 18. mars 1962 af afmælismóti ÍR. Og frásögnin snerist að mestu um piltana og með henni tvær myndir af þeim. „Það voru ekki landsliðsmennirnir í körfuknattleik eða handknattleik

Drengjaflokkur ÍR í fimleikum á æfingu í ÍR-húsinu í apríl 1961 undir stjórn Birgis Guðjónssonar.

sem mesta athygli vöktu á síðasta afmælismóti ÍR, heldur ungir fimleikadrengir sem komu fram milli leikanna og sýndu dýnustökk. Þeir fengu óspart klappað lof í lófa og hrifningin yfir kunnáttu þeirra og getu, sem fer sífellt og ört vaxandi, var sönn og einlæg.

Drengjaflokkur ÍR í fimleikum á 55 ára afmælishátíð ÍR í mars 1962. Guðjón Helgason með bikar og þjálfari flokksins var Birgir Guðjónsson.

Strákarnir sýndu ýmis dýnustökk undir stjórn þjálfara síns Birgis Guðjónssonar. En hápunktur þessa atriðis var þegar formaður ÍR afhenti einum piltanna bikar sem Benedikt G. Waage hefur gefið og veitast á þeim fimleikamanni í ÍR sem mestan áhugann og framfarirnar sýnir. Bikarinn nú hlaut einn hinna ungu pilta en sennilega sá fimasti þeirra. Hann heitir Guðjón Helgason. Hann tók við bikarnum við gífurleg fagnaðarlæti."

Um og upp úr 1960 var tíska íþróttalífsins orðin þannig að fimleikar voru ekki í hávegum hafðir. Farið var að halla undan starfsemi fimleikadeildarinnar 1965. Þó var enn gerð tilraun til að halda uppi æfingum fyrir drengi og starfaði Guðni Steindórsson að því af miklum áhuga. Hélt að því leyti merki föður síns á lofti, Steindórs Björnssonar, sem stofnaði drengjaflokka félagsins og þjálfaði þá í öndverðu. En þrátt fyrir velgengni flokksins síðustu árin varð lítill árangur af tilraunum til að halda lífi í honum. Við brottflutning Birgis til Bandaríkjanna til náms 1966 lögðust fimleikar í ÍR alveg niður.

Háði það starfinu að ekki hafði tekist að manna stjórn fimleikadeildarinnar um árabil, aðalstjórn hafði orðið að sjá um hana lengst af. Þannig hélt aðalstjórnin úti frúarleikfimi á þessum árum og fram á áttunda áratuginn. Um tíma var hinn mikli íþróttafrömuður Valdimar Sveinbjörnsson, leikfimikennari við Menntaskólann í Reykjavík 1929–1966, tilbúinn að taka þátt í því að endurvekja deildina. Var hann reiðubúinn að fá unga og áhugasama pilta til þess að æfa leikfimi ef af endurreisn deildarinnar yrði. Það tókst ekki og því varð ekki úr að maðurinn sem fyrstur kenndi körfuknattleik og

handknattleik hér á landi tæki til við fimleikakennslu á ný um sjötugt.

Fimleikasamband Íslands var stofnað 1968. Um það leyti sem ÍR flutti í Breiðholt hvatti sambandið stjórn ÍR til þess að fimleikar yrðu aftur teknir upp sem æfingagrein í starfi félagsins. Í bréfi frá FSÍ í september 1971 er eindregið óskað eftir því við ÍR að fimleikarnir verði endurreistir í félaginu.

Ný alda rís er Olga hóf þjálfun telpnaflokka

Starfsemi fimleikadeildar lá niðri í allmörg ár eða þar til aðalstjórn félagsins, með Gunnar Sigurðsson í fararbroddi, fékk Olgu B. Magnúsdóttur til að hefja þjálfun telpnaflokka. Boðað var til æfinga og fór fyrsti tími fram í íþróttasal Breiðholtsskóla 23. febrúar 1972. Kennari ásamt Olgu var Margrét Jónsdóttir og í fyrsta tímann mættu 50 stúlkur. Haldið var 15 daga námskeið um vorið og síðan hófust flokkaæfingar um haustið. Miklu færri komust að á námskeiðinu en vildu. Á þessum árum hafði áhugi á fimleikum, einkum stúlkna, aukist mjög aftur. Reglubundin keppni var hafin á ný og einnig sýningar sem voru íþróttinni mikil lyftistöng.

Starfstími Olgu B. Magnúsdóttur er með glæsilegri tímabilum í sögu deildarinnar. ÍR-stúlkurnar sigra í apríl 1974 í flokkakeppni á Meistaramóti Íslands í flokki 17 ára og eldri og einnig í 13–14 ára aldursflokki. Auk þess urðu þær í öðru sæti í flokki 12 ára og yngri, rétt á eftir flokki Gerplu. Í einstaklingskeppninni sigraði Guðbjörg Bjarnadóttir í flokki 17 ára og eldri og Sólveig Magnúsdóttir í flokki 13–14



Drengjaflokkur ÍR í fimleikum á afmælishátíð ÍSÍ 28. jan. 1962 í Þjóðleikhúsinu, þjálfari Birgir Guðjónsson

ára. Kristín Ólafsdóttir varð önnur í flokki 15–16 ára og Gunnhildur Úlfarsdóttir sömuleiðis í flokki 12 ára og yngri.

Um sumarið 1974 fara 12 ÍR-stúlkur á aldrinum 12–18 ára undir stjórn Olgu B. Magnúsdóttur til þátttöku í tveimur norrænum fimleikamótum, öðru í Falun í Svíþjóð 30. júní–6. júlí og hinu í Tönsberg í Noregi 4.–7. júlí. Mun þetta hafa verið yngsti íslenski stúlknahópurinn til að sýna fimleika utan landsteinanna. Þátttakendur í fyrra mótinu voru 3.500 en 4.500 í því seinna. Sýndu ÍR-stúlkurnar tvisvar í Falun, fyrst 2. júlí á útisvæði en síðan 4. júlí á sérstöku norrænu kvöldi sem haldið var í stærsta íþróttasal Evrópu. Tókust sýningar stúlknanna mjög vel og fengu þær góðar undirtektir. Í blíðskaparveðri sýndu þær svo á stórum

íþróttavelli í Tönsberg að kvöldi 6. júlí og voru undirtektir áhorfenda einnig góðar þar. Þótti furðulegt hve vel ÍR-stúlkunum tókst til því sýningarsvæðin voru miklu stærri en þeir fletir sem þær áttu að venjast að heiman.



Fimleikaflokkur ÍR á meistaramóti Íslands 1974. Talið frá vinstri; Ásgeir Guðlaugsson, formaður ÍR, Jónína, Gunnhildur, Björg, Aðalheiður, Inga, Geirþrúður, Sólveig, Kristín, Droplaug, Jenný, Sigrún, Guðný, Guðbjörg, Ingibjörg, Málfríður, Steinunn, Helga, Nína og þjálfarinn Olga Magnúsdóttir.

Kristín Ólafsdóttir tvisvar Íslandsmeistari

Í Bikarkeppni FSÍ 1975 sigraði A-flokkur félagsins en B-flokkurinn var í fjórða sæti af níu flokkum sem kepptu. Í A-flokknum voru Kristín Ólafsdóttir, Sólveig Magnúsdóttir, Helga Ingjaldsdóttir, Nína K. Jónsdóttir, Ingibjörg Þorvaldsdóttir og Gunnhildur Úlfarsdóttir og í B-flokki Geirþrúður Alfreðsdóttir, Droplaug Sveinbjörnsdóttir, Jónína Pálmadóttir, Jenný Ólafsdóttir, Sigrún Ingjaldsdóttir og Aðalheiður Þórarinsdóttir. Sama ár sigraði Kristín Ólafsdóttir í flokki 17 ára og eldri á Íslandsmeistaramótinu. Sólveig Magnúsdóttir varð í öðru sæti í 15–16 ára aldursflokki og Helga Ingjaldsdóttir í þriðja sæti í flokki 13–14 ára.

Í bikarkeppninni árið 1976 varð A-flokkur ÍR í þriðja sæti. Á meistaramótinu það ár sigraði Kristín Ólafsdóttir aftur í flokki 17 ára og eldri. Í flokki 15–16 ára voru ÍR-stúlkur í 2.–5. sæti og ÍR-stúlka í öðru sæti í 13–14 ára aldursflokki.

Í júní 1977 veljast tvær stúlkur, Gunnhildur Úlfarsdóttir og Helga Ingjaldsdóttir, til þátttöku í úrvalsliði, sem Fimleikasambandið sendi til keppni á stóru móti fyrir 12–16 ára unglinga í Haugasundi í Noregi. Þær höfðu báðar verið í sveit ÍR sem varð í þriðja sæti á Bikarmóti FSÍ í febrúar 1977, ásamt Þóru Guðjohnsen, Jónínu Pálmadóttur, Geirþrúði Alfreðsdóttur og Sigríði Valdimarsdóttur. Á unglingameistaramótinu 1977 varð Gunnhildur þriðja í fjölþraut 15–16 ára stúlkna og Þóra Guðjohnsen þriðja í fjölþraut 12 ára og yngri. Í 13–14 ára flokki og 17 ára og eldri urðu keppendur ÍR í fjórða sæti, Ragnheiður Guðjohnsen og Geirþrúður Alfreðsdóttir. Í flokkakeppni mótsins, þar sem tveir bestu keppendur hvers félags teljast til stiga, varð ÍR í öðru sæti, á eftir Björk en á undan Gerplu, KR, Fylki og Ármanni. Þjálfarar félagsins á þessum tíma voru m.a. Kristín Ólafsdóttir, Guðbjörg Bjarnadóttir og Þórir Kjartansson.

Árið 1978 gekk ÍR-ingum vel á aldursflokkameistaramóti FSÍ í febrúar og Íslandsmeistaramótinu í byrjun maí. Þóra Guðjohnsen sigraði með yfirburðum í fjölþraut í flokki 12 ára og yngri. Helga Ingjaldsdóttir varð í

öðru sæti í flokki 17 ára og eldri og systir hennar Sigrún varð í fjórða sæti. Gunnhildur Úlfarsdóttir varð sömuleiðis fjórða í 15–16 ára flokki á þessu móti. Urðu ÍR-stúlkurnar í þriðja sæti í flokkakeppninni, rétt á eftir Björk en Gerpla vann afgerandi. Á sjálfu Íslandsmeistaramótinu í maí varð Gunnhildur Úlfarsdóttir í öðru sæti í stökki í kvennaflokki og Þóra Guðjohnsen þriðja í gólfæfingum. Hún tapaði naumlega af bronsi á slá, varð fjórða. Þóra sigraði síðan í firmakeppni FSÍ í lok apríl þar sem keppt var með forgjöf. Svo skemmtilega vildi til að þar keppti hún í nafni fyrirtækis ÍR-ingsins Magnúsar Þorgeirssonar í Pfaff, fyrsta fimleikameistara Íslands.

Ragnheiður Sigurðardóttir síðasti Íslandsmeistari ÍR-inga í fimleikum

Þegar hér er komið sögu hverfur Olga Magnúsdóttir frá deildinni eða í kringum 1980. Við brotthvarf hennar verður aftur lægð í starfi fimleikadeildarinnar.

Saga deildarinnar var þannig saga öldutoppa og lægða. Við starfi Olgu tóku stúlkur sem áður höfðu æft hjá henni. Aðalþjálfari eldri flokka síðustu árin var Hildigunnur Gunnarsdóttir en yngri flokka Sigrún Ingjaldsdóttir. Félagið eignaðist aftur fimleikameistara þegar Ragnheiður Sigurðardóttir vann meistaratitil í stökki yfir hest í 15–16 ára aldursflokki á Unglingameistaramóti Íslands 1982. Varð hún og þriðja í fjölþraut. Vonast var til að það markaði nýja uppsveiflu í starfi deildarinnar en Ragnheiður reyndist verða síðasti Íslandsmeistari félagsins í fimleikum, a.m.k. enn sem komið er.

Fimleikadeildin varð aftur sjálfstæð deild haustið 1978 eftir að hafa verið rekin af aðalstjórn ÍR um tveggja áratuga skeið. Formaður var kjörinn Birgir Guðjónsson, hinn sami og þjálfaði drengjaflokkinn með miklum ágætum tæpum tveimur áratugum áður. Æfingar fóru aðallega fram í íþróttahúsi Breiðholtsskóla. Síðustu árin voru eingöngu stúlknahópar hjá félaginu þar eð erfitt reyndist að fá þjálfara til að taka að sér kennslu drengja.

Undir forystu Birgis lagði stjórn fimleikadeildarinnar á sig mikla vinnu til að halda merki félagsins á lofti í þessari íþrótt sem félagið var stofnað um í upphafi. Endurreisnarstarfið gekk vel en blanda af velgengni og aðstöðuleysi varð deildinni þó fjötur um fót. Félagið var aðþrengt með íþróttatíma í íþróttahúsum Breiðholts.

Fimleikaflokkur ÍR 1976. Hópur sem fór í sýningarferð til Noregs, þjálfari Olga Magnúsdóttir.

Á hverju hausti tókust deildir félagsins hart á um það sem til skiptanna var í íþróttahúsi Breiðholtsskóla og síðar íþróttahúsi Seljaskóla. Mikil aðsókn var í fimleikana og ekki hægt að anna eftirspurninni vegna tímafæðar. Vegna húsnæðisskorts voru möguleikar fimleikadeildarinnar til að eflast því ekki miklir.

Deildin fórnarlamb aðstöðuleysis og hættir

Samkeppnisaðstaða félagsins á sviði fimleika var orðin slök þegar hér var komið sögu og starfsgrundvöllur fyrir deildina ekki fyrir hendi í Breiðholtinu. Ef til vill hefði verið hægt að halda úti byrjendaflokkum og beina, einkum þeim bestu, til annarra félaga er þeir spruttu úr grasi. Það samrýmdist ekki starfsvenjum íþróttafélaga. Önnur félög í borginni og nágrannabæjum gátu nú boðið upp á fullbúin hús þar sem áhöld stóðu jafnan uppi en hjá ÍR þurftu íþróttamennirnir og kennararnir að byrja hvern tíma, stundum seint að kvöldi í þokkabót, á því að setja upp tól sín og tæki. Deildin varð því fórnarlamb aðstöðuleysisins og svo fór að stjórn deildarinnar taldi ekki stætt á því að halda rekstrinum áfram. Fyrst ekki væru horfur á betri aðstöðu og fleiri æfingatímum lagði Birgir til við aðalstjórn félagsins að fimleikadeildin yrði því lögð niður. Var það gert og starfsemi hennar hætt haustið 1983, á 76. starfsári ÍR.

Í *Ólympíubókinni*, sem ÍR gaf út 1957 og innihélt þætti úr sögu félagsins, velti Halldór Magnússon, aðalfimleikamaður félagsins um tíma og formaður deildarinnar um árabil, því fyrir sér hvað framundan væri í fimleikamálum landsins. Sagði hann það einkennilegt að sú íþróttagrein sem hollust væri og fegurst skyldi eiga minnstum vinsældum að fagna. Halldór segir: „Fyrir nokkrum árum fór fram athugun á því hvaða áhrif íþróttirnar hefðu á aldur þeirra, er stunda þær. Kom þá í ljós, að þeir menn, sem æfðu fimleika og það meira að segja áhaldafimleika og kepptu í þeim, urðu langlífastir allra íþróttamanna. Þetta bendir til þess, að það sé hollt að æfa leikfimi, einnig keppnisleikfimi, og menn verða bæði hraustir og langlífir á því að æfa fimleika.“

Eins og að framan segir var ÍR stofnað um leikfimi 11. mars 1907 þótt fljótlega bættust aðrar greinar á dagskrána. Þorbergur Halldórsson, formaður ÍR lengstum eftir að félagið flutti í Skógarsel, segir að í tilefni batnandi aðstöðu og byggingaráforma hafi verið um það rætt í stjórn félagsins á undanförnum árum að taka upp fimleika að nýju í ÍR. Í ljósi sögunnar væri áhugavert að stofna fimleikadeild að nýju. Enginn hefði þó lagt að félaginu að gera slíkt, hvorki foreldrar né samtök.